

# ENDANLEGIR SKILMÁLAR

18. október 2022

## REGINN HF.

**Útgáfa á ISK 7.700.000.000 verðtryggðum skuldabréfum með  
óreglulegum greiðslum höfuðstóls og föstum vöxtum  
í samræmi við ISK 100.000.000.000  
útgáfuramma**

### HLUTI A – SAMNINGSSKILMÁLAR

Hugtök sem hér eru notuð skal túlka eins og þau sem skilgreind eru í skilmálum skuldaskjalanna og fram koma í grunnlýsingunni og viðaukum sem kunna að hafa verið gefnir út við hana. Skjal þetta inniheldur endanlega skilmála skuldaskjala sem lýst er hér, í samræmi við 8. grein reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júlí 2022 og skal lesa þá í samhengi við grunnlýsinguna og viðauka sem kunna að hafa verið gerðir við hana, sem saman mynda grunnlýsingu í skilningi laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Heildstæðar upplýsingar um útgefandann og útgáfu skuldaskjalanna fást ekki nema með því að lesa saman grunnlýsinguna, viðauka sem kunna að hafa verið gerðir við hana og þessa endanlegu skilmála. Grunnlýsingin og viðaukar sem kunna að hafa verið gerðir við hana eru birtir á vefsíðu útgefanda, [www.reginn.is](http://www.reginn.is).

1. **Útgefandi:** Reginn hf.
- 2.

  - i. Flokkur númer: 8
  - ii. Útgáfuhluti númer: 1

3. **Mynt:** ISK
4. **Upp safnað nafnverð:**
  - i. Flokkur: 7.700.000.000
  - ii. Útgáfu hluti: 7.700.000.000
5. **Útgáfuverð:** 100% að heildarnafnverði
6. **Nafnverðseiningar:** 20.000.000
- 7.

  - i. Útgáfudagur: 18. október 2022
  - ii. Fyrsti vaxtagur: 18. október 2022

8. **Lokagjalddagi:** 18. október 2037
9. **Tegund vaxta:** 3,006% fastir vextir  
Nánari upplýsingar eru veittar í tölvulið 19 hér að neðan
10. **Greiðslufyrirkomulag:** Óreglulegt endurgreiðsluferli

- 11. Uppgreiðsluheimild/umfram-greiðsla að vali útgefanda kaupréttur útgefanda:** Á ekki við.
- 12. Forgangsröðun skuldaskjalanna:** Veðtryggð skuldaskjöl með veði samkvæmt almennu tryggingarfyrirkomulagi  
Nánari upplýsingar eru veittar í tölulið 23. i. hér að neðan
- 13. Heimild fyrir útgáfunni:** Stjórn útgefanda veitti heimild fyrir útgáfu skuldabréfanna á fundi sínum:  
9. september 2022
- 14. Greiðsluaðili:** Útgefandi, Reginn hf., kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogi, er greiðsluaðili vegna skuldaskjalanna.
- 15. Verðbréfamiðstöð** Skuldaskjölin eru gefin út rafrænt hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. kt. 500797-3209, Laugavegi 182, 105 Reykjavík

#### ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM JAFNGREIÐSLUBRÉF (ANNUITY)

- 16. Jafngreiðslubréf:** Á ekki við

#### ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM SKULDABRÉF MEÐ JÖFNUM AFBORGUNUM HÖFUÐSTÓLS, ÞAR Á MEÐAL SKULDABRÉF MEÐ EINNI GREIÐSLU HÖFUÐSTÓLS Á LOKAGJALDDAGA

- 17. Skuldabréf með jöfnum afborgunum höfuðstóls:** Á ekki við

#### ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ SKULDABRÉF MEÐ ÓREGGLULEGU ENDURGREIÐSLUFERLI

- 18. Skuldabréf með óregglulegu endurgreiðsluferli:** Á við
- |  |  |
|--|--|
| i. Vextir til lokajalddaga:                                    | 3,006% á ári   |
| ii. Fjöldi vaxtagjalddaga:                                     | 60   |
| iii. Fjöldi vaxtagjalddaga til útreikning á endurgreiðsluferli | Á ekki við   |
| iv. Vaxtagjalddagar:   | 18. dagur í mánuðunum janúar, apríl, júlí og október á hverju ári til og með lokajalddaga. Fyrsti vaxtagjalddagi er 18. janúar 2023. |

v.	Fjöldi gjalddaga höfuðstóls:	60
vi.	Fjöldi gjalddaga höfuðstóls til útreikninga á endurgreiðsluferli:	120
vii.	Gjalddagar höfuðstóls(s):	Á hverjum vaxtagjalddaga
viii.	Dagaregla:	30/360
ix.	Verðtryggt:	Á við
x.	Grunnvísitala:	merkir 555,3833 sem er gildi vísitölu neysluverðs (VNV) þann 18. október 2022
xi.	Aðrir skilmálar sem gilda um endurgreiðsluferli skuldabréfa með óreglulegu endurgreiðsluferli:	Endurgreiðsluferli fylgir ekki líftíma. Skuldabréf þetta ber að greiða að fullu á næstu 15 árum með 60 – sextíugreiðslum á 3 - þriggja - mánaða fresti, þannig að á fyrstu 59 gjalddögunum er greitt eins og um sé að ræða verðtryggt skuldabréf með jöfnum greiðslum (annuity) til 30 ára með 120 greiðslum höfuðstóls á 3 - þriggja - mánaða fresti (1/120) og á lokagjalddaga þann 18. október 2037 greiðast eftirstöðvar höfuðstóls (61/120), auk áfallinna vaxta og verðbóta.

## ÁKVÆÐI SEM GILDA UM VAXTAGREIÐSLUR (EF EINHVERJAR ERU)

<b>19.</b>	<b>Fastir vextir:</b>	Á við
i.	Vextir til gjalddaga:	3,006% á ári.
ii.	Vaxtagjalddagar:	18. dagur í mánuðunum janúar, apríl, júlí og október á hverju ári til og með lokagjalddaga. Fyrsti vaxtagjalddagi er 18. janúar 2023.
iii.	Dagaregla:	30/360
iv.	Aðrir skilmálar sem gilda um vaxtaútreikning skuldabréfa með fasta vexti:	Engir
<b>20.</b>	<b>Breytilegir vextir:</b>	Á ekki við
<b>21.</b>	<b>Víxlar:</b>	Á ekki við
<b>21.a</b>	<b>Álag á vexti</b>	Ekkert

## ÁKVÆÐI VARÐANDI UPPGREIÐSLU/UMFRAMGREIÐSLU AÐ VALI ÚTGEFANDA (KAUPRÉTT ÚTGEFANDA)

<b>22.</b>	<b>Uppgreiðsla/umframgreiðsla heimil að vali útgefanda (kaupréttur útgefanda):</b>	Á ekki við
------------	--	------------

## ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ UM TRYGGINGAR

### 23. Veðtryggð skuldaskjöl:

- i. Skuldaskjöl eru veðtryggð samkvæmt almenna tryggingarfyrirkomulaginu:

Á við

Ákvæði skilmála 15 (Almenna tryggingarfyrirkomulagið) gilda um skuldaskjölin

- ii. Skuldaskjöl eru veðtryggð samkvæmt sértæku tryggingarfyrirkomulagi:

Á ekki við

- iii. Veðgæsluaðili:

Íslög ehf., kt. 690312-1150, Túngötu 6, 101 Reykjavík hefur verið skipaður veðgæsluaðili vegna skuldaskjalanna

### 24. Óveðtryggð skuldaskjöl:

Á ekki við

## ALMENN ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ SKULDASKJÖLIN

### 25. Upplýsingakvaðir:

Á við

- i. Upplýsingakvaðir gagnvart umboðsmanni kröfuhafa:

Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda umboðsmanni kröfuhafa afrit þeirra skjala sem tilgreind eru í eftirfarandi stafliðum skilmála 9.1 (Upplýsingakvaðir gagnvart umboðsmanni kröfuhafa) uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd: a), b), d) og e)

- ii. Upplýsingakvaðir gagnvart staðfestingaraðila:

Útgefandi skuldbindur sig til að afhenda staðfestingaraðila þær skýrslur sem tilgreindar eru í eftirfarandi stafliðum skilmála 9.2 (Upplýsingakvaðir gagnvart staðfestingaraðila) uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd: a) (i) og (ii)

### 26. Almennar kvaðir:

Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim kvöðum sem tilgreindar eru í eftirfarandi stafliðum skilmála 10 (Almennar kvaðir) uns skuld samkvæmt skuldaskjölunum er að fullu greidd: a), b), c), d), e), f), g), h)

<b>27. Fjárhagsleg skilyrði:</b>	Á við
i. Lánaþekja:	Á hverjum prófunardegi skal lánaþekja vera í samræmi við það sem fram kemur í skilmála 15.1 ef skuldaskjölin eru tryggð með veði samkvæmt Almenna tryggingarfyrirkomulaginu
ii. Vaxtaþekja:	Á hverjum prófunardegi skal vaxtaþekja vera í samræmi við það sem fram kemur í skilmála 15.1 ef skuldaskjölin eru tryggð með veði samkvæmt Almenna tryggingarfyrirkomulaginu
iii. Eiginfjárlutfall:	Eiginfjárlutfall útgefanda skal vera að lágmarki það hlutfall sem fram kemur í skilmála 15.1 ef skuldaskjölin eru tryggð með veði samkvæmt Almenna tryggingarfyrirkomulaginu.
iv. Prófunardagar:	Prófunardagar fjárhagslegra skilyrða eru: 30. júní og 31. desember á hverju ári þar sem fyrsti prófunardagur er 31. desember 2022.
<b>28. Vanefndartilvik:</b>	Útgefandi skuldbindur sig til að hlíta þeim vanefndartilvikum sem tilgreind eru í eftirfarandi stafliðum skilmála 13 (Vanefndartilvik): a), b), c), d), e), f), g), h), i), j), k) og l). Frestur til töku til viðskipta sky. staflið k) skal vera 6 mánuðir.
<b>29. Gjaldfelling:</b>	Ef ekki er bætt úr vanefnd innan 15 daga ef um greiðsludrátt er að ræða, og innan 35 daga í öðrum tilvikum er kröfuhafa heimilt að óska eftir að umboðsmaður boði til kröfuhafafundar til að ákveða hvort gjaldfella eigi skuldaskjölin.
<b>30. Umboðsmaður kröfuhafa:</b>	Íslög ehf., kt. 690312-1150, Túngötu 6, 101 Reykjavík hefur verið skipaður umboðsmaður kröfuhafa vegna skuldaskjalanna.
<b>31. Staðfestingaraðili:</b>	PriceWaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík hefur verið skipaður staðfestingaraðili vegna skuldaskjalanna
<b>32. Aðrir endanlegir skilmálar:</b>	Á ekki við

## ÁBYRGÐ

Útgefandi ber ábyrgð á upplýsingum sem þessir endanlegu skilmálar innihalda. Upplýsingar um gildi vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, sem reiknuð er út og birt af Hagstofu Íslands, eru fengnar frá Hagstofu Íslands, kt. 590169-0809, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík, Íslandi:

[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur\\_visitolur](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur_visitolur)

Útgefandi staðfestir að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðili hefur birt, að upplýsingarnar eru réttar og engum staðreyndum er sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Heimilda frá þriðja aðila er getið þar sem það á við.

Undirritað fyrir hönd útgefanda:

Af: .....

*Samkvæmt heimild*

## **HLUTI B – AÐRAR UPPLÝSINGAR**

### **1. SKRÁNING**

- |     |                     |   |
|-----|---------------------|---|
| i.  | Skráning:           | Nasdaq Iceland  |
| ii. | Taka til viðskipta: | Sótt verður um að skuldabréfin verði tekin til viðskipta á Sustainable Bond Market Nasdaq Iceland hf. . |

### **2. LÁNSHÆFISMAT**

Á ekki við

### **2(a). GRÆN SKULDASKJÖL**

Á við

Umgjörð um græna fjármögnun dags. 31. mars 2020, gildir um skuldaskjölin.

### **3. HAGSMUNIR AÐILA Í TENGSLUM VIÐ ÚTGÁFUNA**

Að undanskilinni þóknun greiddri til umsjónaraðila og söluaðila, er útgefanda ekki kunnugt um að aðilar sem tengjast útgáfu skuldabréfanna eigi hagsmuni sem skipta máli varðandi útgáfu þeirra

### **4. RÁÐSTÖFUN SÖLUANDVIRÐIS, ÁÆTLAÐ NETTÓ SÖLUANDVIRÐI OG HEILDARKOSTNAÐUR**

- |      |                            |   |
|------|----------------------------|---|
| i.   | Ráðstöfun söluandvirðis:   | Almenn fjármögnun útgefanda, í samræmi við umgjörð um græna fjármögnum. |
| ii.  | Áætlað nettó söluandvirði: | 7.673 m.kr.   |
| iii. | Áætlaður heildarkostnaður: | 27 m.kr.  |

### **5. ÁVÖXTUN**

Vísbending um ávöxtun: 3,04%

Ath. ávöxtun er reiknuð út á útgáfudegi á grunni útgáfuverðs og gefur ekki til kynna framtíðarávöxtun.

### **6. VAXTAPRÓUN**

Á ekki við

### **7. VÍSITÖLUPRÓUN**

Skuldabréfin er verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs (VNV) sem er reiknuð út og birt af Hagstofu Íslands. Upplýsingar um gildi vísitölu neysluverðs í fortíð og framtíð er hægt að nálgast á eftirfarandi vefslóð Hagstofu Íslands:

[http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur\\_visitolur](http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur_visitolur)

### **8. AUÐKENNI**

- i. Auðkenni: REGINN181037 GB
- ii. ISIN númer: IS0000034544

## **9. TILKYNNING UM VIÐKOMANDI GRUNNLÝSINGU**

Land eða lönd þar sem tilkynnt hefur Ísland  
verið um viðkomandi grunnlýsingu: